SAMKEPPNIS EFTIRLITIÐ

Forsætisráðuneytið
b.t. *Gunnars Narfa Gunnarssonar*
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2026
Tilv. 2602005

Efni: Umsögn skv. 3 mgr. 2 gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna áframhaldandi undanþágu Landsbankans hf. frá gildissviði upplýsingalaga

1. Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 10. desember 2025, um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 (hér eftir „*upplýsingalögin*") vegna Landsbankans hf. (hér eftir „*Landsbankinn*"). Með umsagnarbeiðni ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til forsætisráðuneytisins, dags. 16. júlí 2025.

2. Varðar beiðnin tillögu fjármála- og efnahagsráðherra um að Landsbankanum verði veitt áframhaldandi undanþága frá gildissviði upplýsingalaga. Landsbankanum hefur áður verið veitt undanþága og er það mat ráðuneytisins að ekki hafi orðið veigamiklar breytingar á starfsemi félagsins sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþágunnar sem veitt hafi verið á sínum tíma. Landsbankinn starfræki viðskiptabanka og sé heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum sé heimil lögum samkvæmt á hverjum tíma, sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana.

3. Í umsögnum Samkeppniseftirlitsins varðandi fyrr undanþágur Landsbankans dags. 14. júní 2013, 16. júní 2016, 19. júní 2019 og 20. júní 2022 kom fram það mat eftirlitsins að rök stæðu til þess að veita félaginu undanþágu frá upplýsingalögum enda væri starfsemi félagsins að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.

4. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í gögnum þeim sem forsætisráðuneytið hefur látið Samkeppniseftirlitinu í té er það m.a. mat fjármála- og efnahagsráðherra að ekkert hafi breyst í starfsemi félagsins sem gefur tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna.

5. Samkeppniseftirlitinu hefur ekki borist frekari gögn eða upplýsingar um breytta starfsemi. Samkeppniseftirlitið vísar því til fyrirliggjandi gagna og fyrri umsagna Samkeppniseftirlitsins og telur á þeim forsendum að rök standi ekki til annars en að Landsbankinn fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 2. mgr. 3. gr. laganna, í ljósi þess að starfsemi félagsins er enn að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið